

Hverfisráð Kjalarness

Ár 2016, fimmtudaginn 2. júní var haldinn 142. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:25 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Eldey Huld Jónsdóttir og Guðfinna Ármansdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Jóna Björg Sætran áheyrnafulltrúi framsóknar- og flugvallarvina og Þorvaldur Guðjónsson, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Magnús Ingi Magnússon, stjórnarmaður í rekstrarfélagi Fólkvangs kynnrir rekstur og stöðu rekstrarfélagsins ásamt því að fara yfir þarfir á viðhaldi hússins.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness vill undirstrika að Fólkvangur hafi gríðaregt mikilvægi fyrir mannlíf á Kjalarnesi. Hverfisráð bendir á að mikilvægt sé að lögum félagsins sé fylgt hvað varðar fundarhöld og aðalfundi. Auk þess sé brýnt að stjórn rekstrarfélagsins gangi á eftir borgaryfirvöldum varðandi viðhald á húsinu sem m.a. lekur og endurnýjun leigusamnings við Reykjavíkurborg sem rann út í janúar 2016. Stefnt verður að því að hafa annan fund með rekstrarfélagi Fólkvangs haustið 2016.

2. Umræðu um bílhræ frestað til næsta fundar.
3. Umræða um fyrirhugaða svifbraut í Esju.

Eftirfarandi bókun var gerð af hverfisráði Kjalarness:

Hverfisráð Kjalarness óskar eftir nánari upplýsingum og kynningu varðandi fyrirhugaða lagningu svifbrautar við Esjuna til að geta lagt fram umsögn um málið. Jafnframt óskar hverfisráð eftir ítarlegri teikningum á þeim mannvirkjum sem stendur til að reisa á svæðinu.

4. Umræður um hugmyndasöfnun Betri hverfa.

Fundi slitið kl. 18.55

Eldey Huld Jónsdóttir

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Guðfinna Ármansdóttir